

# Ársskýrsla og reikningur 2012



Aðalfundarfulltrúar KGSÍ á Hótel Laka, laugardaginn 11. maí 2012

## Kirkjugarðasamband Íslands

Maí 2013

## Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar KGSÍ ..... bls. 3 - 10

Ársreikningur KGSÍ 2012 (sjá efnisyfirlit þar).

Fjárhagsáætlun 2013 er aftan við ársreikninginn, ásamt bréfi frá kirkjugarðaráði til Ríkisendurskoðunar og svar við því. Einnig tvö bréfi frá formanni KGSÍ til innanríkisráðuneyti.

# Ársskýrsla KGSÍ 2012

## 1. Tekjur kirkjugarða landsins árið 2012

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2012 var brúttó kr. 888.000.000 auk þess sem greiddar voru uppbætur vegna fyrri ára kr. 24.645.540, samtals kr. 912.645.540, þar af kr. 77.574.871 (8,5%) sem renna í Kirkjugarðasjóð. Skiptingin er þessi:

Kirkjugarðasjóður .....	kr. 77.574.871
Umhirðusjóður .....	kr. 651.499.554
Grafarsjóður .....	kr. 135.989.039
Bálstofan í Fossvogi .....	kr. 25.031.407
<u>Uppbætur v/2009 og 2011 .....</u>	<u>kr. 22.550.669</u>
<b>Samtals framlag 2012 .....</b>	<b>kr. 912.645.540</b>

Framlag ríkisins árið 2011 var brúttó kr. 844.700.000. Samningurinn milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs gerir ráð fyrir hækkun einingaverða (umhirðugjald, greftrunargjald og bálstofa) með þeim hætti að stækkun grafarsvæða og aukinn fjöldi jarðsetninga hækka framlagið umfram verðlagsbreytingar (almenn þróun verðlags og launa). Þó að einingaverðin hafi nú verið að hækka á milli ára lækkuðu þau á árunum þar á undan og hefur sú skerðing ríkisins ekki verið leiðrétt og er varanleg. Þess vegna þarf að endursemja um framlag til kirkjugarða.

## 2. Hlutverk KGSÍ við útteilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða - upprifjun

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins og presta sem fá greitt fyrir þjónustu við útfarir:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald. Greftrunargjald er ákveðið í upphafi hvers árs og fer gjaldið eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur. Á heimasíðunni [www.gardur.is/2011](http://www.gardur.is/2011) má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum [gardur.is](http://gardur.is) og viðkomandi prestur hefur fyllt út dánarskýrslu. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.
3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
  - a) Kirkjugarðasjóður v/prósentuframlags (8,5% greitt beint frá Fjársýslu ríkisins)
  - b) greftrunarsjóður v/greftrana
  - c) umhirðugjald til kirkjugarða landsins
  - d) framlag til Bálstofu í Fossvogi

4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikning KGSÍ 15. hvers mánaðar

5. KGSÍ greiðir 15. hvers mánaðar:

- a) **umhirðugjaldið** inn á reikninga kirkjugarða
- b) **greftrunargjaldið** til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningarskýrslur á [gard.is](http://gard.is) í mánuðinum á undan og þóknun til presta fyrir þjónustu við útfarir
- c) inn á reikning **bálstofunnar** í Reykjavík

Einingaverðið hefur lækkað verulega á undanförunum árum og er nú svo komið að erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir.

### **3. Aukin verkefni hjá KGSÍ árið 2012 – greiðsla til presta fyrir þjónustu við útfarir hófst árið 2012 og gagnvirk kortagerð fór af stað hjá KGRP í samvinnu við kirkjugarðaráð.**

Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins. Fyrstu þrjú árin komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirðan) og frá Kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni.

Frá ársbyrjun 2012 hefur KGSÍ enn aukið þjónustu við kirkjugarða og presta landsins með því að sjá um greiðslur til presta vegna þjónustu þeirra við útfarir. Það fyrirkomulag sem áður var við lýði var með þeim hætti að sá kirkjugarður sem grafið var í greiddi presti fyrir þjónustu við útfarir eftir að viðkomandi prestur hafði sent reikning til kirkjugarðsins.

Eins og áður sagði hefur KGSÍ haft á höndum útreikninga og greiðslur á framlagi ríkisins til kirkjugarða síðastliðin ár. Þessi greiðsluþjónusta hefur frá upphafi verið tölvuvædd og þar er miðlæga legstaðaskráin **Garður** ([www.gardur.is](http://www.gardur.is)) í lykilhlutverki. Vegna þessarar greiðsluþjónustu hefur KGSÍ rafrænar bankaupplýsingar um alla garðana sem undanfarin ár hafa sent inn svonefndar jarðsetningarskýrslur sem eru forsenda hinnar miðlægu legstaðaskrár og um leið forsenda greiðslu grafarkostnaðar garðs og þjónustu prests. Auðvelt var að halda eftir greiðslum til prestanna og greiða þeim beint í stað þess að þeim væri greitt frá viðkomandi kirkjugarði. Þetta er nú gert rafrænt á sama tíma og lögbundnar greiðslur til kirkjugarða vegna greftrana og hefur ekki aukakostnað í för með sér, hvorki fyrir presta né kirkjugarða. Auðvelt er að bæta við verkefnum á Garði ef þurfa þykir og eru ýmsir möguleikar í því efni, t.d. er hægt að greiða umhirðugjaldið til kirkjugarða í fyrstu þremur flokkunum eftir framvindu verksins en umhirðugjaldið hjá þeim á að standa straum af gróðurumhirðu, s.s. grasslætti. Slíkt fyrirkomulag tryggði að ekki væri greitt til kirkjugarða sem láta undir höfuð leggjast að slá og hirða garðinn. Þessi mál eru í deiglu.



Margir kirkjugarðar hafa nú þegar verið mældir út með GPS-tækni. Áfram er unnið við að tengja þessi kort við Garð og er það gert í samvinnu við fyrirtækið Ísgraf ehf sem sérhæfir sig í kortagerð út frá loftmyndum. Kirkjugarðaráð og KGRP gerðu á árinu 2012 samning við Ísgraf ehf um frekari þróun þessarar tækni. Áformað er að þeir sem skoða kirkjugarða og legstæði í framtíðinni geti nálgast viðkomandi kirkjugarð út frá loftmynd af því landsvæði sem garðurinn er hluti af og hægt verði að smella á hvaða leiðisnúmer sem er og fá upplýsingar um hver liggur þar. Þessi samtenging eykur öryggi og auðveldar starfsfólki kirkjugarða úthlutun grafa. Þessi samvinna kirkjugarðaráðs og KGRP verður kynnt á aðalfundinum á Akureyri. Gert er ráð fyrir að KGRP opni fyrir þessa notkun á miðju yfirstandandi ári.

KGRP hafa tekið Garð í notkun sem framtíðarlegstaðaskrá fyrir starfsemina og einnig sem bókunartæki fyrir útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu og skráningarkerfi í líkhúsinu í Fossvogi. Það gefur auga leið að mikill sparnaður er í því fólgin að kirkjugarðar landsins noti miðlægu skrána Garð. Sú þróunarvinna sem unnin hefur verið stendur öllum kirkjugörðum landsins til boða án endurgjalds. Þá vinnu hafa KGRP og Kirkjugarðasjóður kostað.

#### 4. Aðalfundur 2012 var haldinn á Hótel Laka 12. maí 2012

Aðalfundur KGSÍ 2012 var haldinn á hótél Laka í Landbroti laugardaginn 12. maí. Þátttaka var mjög góð. Fjörutíu og sjö fundarmenn rituðu nöfn sín á nafnalista og við kvöldverðarborðið var heildartala með mökum rúmlega 80.



Á aðalfundinn á hótél Laka mættu 47 fundarmenn og með mökum fór heildartalan í rúmlega 80 (ARE).

Dagskráin var fjölbreytt og þar voru flutt mörg erindi. Indriði Valdimarsson skrifstofustjóri hjá Kirkjugarði Akraness sagði frá starfi sínu og sýndi litskyggjur með. Akraneskirkjugarður er einn af stærstu kirkjugörðum landsins og er hann mikil bærjarprýði.

Sú venja hefur skapast að fenginn er heimamaður til að flytja erindi og ekki er verra að viðkomandi hafi góðan húmor. Í þetta sinn heimsótti okkur Ólafía Jakobsdóttir forstöðumaður Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri.

Þórsteinn Ragnarsson sagði frá nýju greiðslukerfi KGSÍ sem tekið var í notkun 1. janúar 2012, þ.e.a.s. að KGSÍ greiðir öllum prestum landsins fyrir þjónustu við útfarir. Þórsteinn sagði frá skýrslugerð presta en þeim er gert skylt að fylla út og senda inn dánarskýrslur á [www.gardur.is](http://www.gardur.is) og sömu skyldur hafa starfsmenn kirkjugarða. Þeir senda inn jarðsetningarskýrslur á [www.gardur.is](http://www.gardur.is). Þessi þjónusta KGSÍ léttir mikið undir með prestum sem áður þurftu að senda inn til kirkjugarðsins reikning til að fá prestsþjónustuna greidda. Miklar vonir eru bundnar við þessa nýju þjónustu KGSÍ og er þess vænst að vöntun á skýrslum frá kirkjugörðum og prestum heyri nær sögunni til.

Umfangsmikill dagskrárliður var nefndur „Úr smiðju garðyrkjudeildar KGRP og KGA“. Garðyrkjufræðingarnir Þorgeir Adamsson frá KGRP og Stefán Gunnarsson frá KGA ræddu um grafartekt – undirbúning, framkvæmd og frágang. Þorgeir Adamsson garðyrkjustjóri KGRP fjallaði um grafartekt. Kom hann inn á lög og reglur, upplýsingar grafara, verklag við grafartekt, umbúnað, verklag við að loka gröf, frágang grafa, mismunandi aðstæður og fleira.

Stefán Gunnarsson skruðgarðyrkjufræðingur hjá KGA fjallaði um þau málefni sem taka við eftir að sjálfri grafartektinni er lokið, þ.e. frágang grafa (grafir sléttaðar, sáð í eða þær tyrfðar) og túlkun laga varðandi það sem þarf og það sem á að gera og takmörk þess sem má gera án aðkomu aðstandenda. Einnig fjallaði hann um minningarmörk og „viðbótarhluti“ sem fólk leggur á leiði og hvað hægt er að gera til að þjónusta aðstandendur.



Jón Helgason flytur fyrirlestur í Prestbakkakirkju á Síðu. Áheyrendur voru vissulega fleiri en þeir sitja flestir aftan við ljós-myndarann (ARE).

Eftir fundinn fóru fundarmenn og makar í skoðunarferð með Jóni Helgasyni frá Seglbúðum, fyrrverandi ráðherra. Fyrst var farið um Landbrot og Meðalland og

Langholtskirkja skoðuð og á leiðinni til baka var farið um Eldhraun að Kirkjubæjar-klaustri þar sem kirkjan var skoðuð. Vegurinn var fremur slæmur og hristist rútan mikið nær alla leiðina. Það voru þó ekki miklar hremmingar miðað við það sem Jón sagði okkur að bændur hefðu þurft að þola þegar Skaftáreldar spúðu eldi og eimyrju yfir lönd og þjóðir. Við kirkjuna í Langholti í Meðallandi er upplýsingaskilti og á því stendur m.a.: „Í Skaftáreldum sumarið 1783 eyddust öll hús og kirkja í Hólmaseli er hraun rann yfir þau. Í Meðallandi var því engin kirkja. Var þá valið kirkjustæði handa Meðallendingum í Langholti af þeim séra Jóni Steingrímssyni eldpresti og Magnúsi Andrésyni í Þykkvabæ ásamt „skynsamari“ bændum í sókninni.“



Kirkjubæjarklausturskirkja skoðuð (ARE).

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Hótel Laka og þar var góð samvera fram eftir kvöldi. Heimamenn sáu um tónlist og söng og héldu uppi góðu stuði. Daginn eftir var farið að Prestbakka á Síðu og kirkja og garður skoðuð. Þar kvöddust menn og héldu til síns heima eftir bænastund sem sr. Birgir Ásgeirsson prófastur stýrði.

## 5. Stjórn og formaður

Stjórn og varastjórn gáfu áfram kost á sér. Á aðalfundinum á hótel Laka voru endurkosnir í stjórn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkv.stj. Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma sem kosinn var formaður. Í varastjórn voru endurkosin Indriði Valdimarsson frá Akranesi og Katrín Birna Viðarsdóttir frá Ásólfskála. Varamenn voru boðaðir á marga stjórnarfundum þó að ekki væri um afleysingar að ræða. Skoðunarmenn reikninga, þeir Ólafur Þ. Guðmudsson og Magnús Sigurðsson voru endurkosnir. Öllu þessu fólki voru á aðalfundinum færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Á milli aðalfunda voru haldnir 8 stjórnarfundir auk margra óformlegra funda og funda í síma og á netinu. Þegar fundargerðum er flett má t.d. nefna fund .....

## 6. Sameining kirkjugarðastjórnna – lítill áhugi

Ekkert gerðist á þessum vettvangi á árinu 2012. Áhugi er fyrir hendi hjá mörgum sóknarnefndum en það er eins og beðið sé eftir einhverjum leiðbeinandi reglum eða

reglugerð um sameininguna. Allt hefur sinn tíma og það er skoðun stjórnar KGSÍ að „meðgöngu“ þessa máls sé nærri lokið.

## **7. Vísir að tölvubókahlði fyrir kirkjugarða og presta**

Í lok árs 2009 var sett upp ársyfirlit fyrir kirkjugarða á slóð tengdri gardur.is. Yfirlitið virkar með þeim hætti að þær greiðslur sem berast frá ríkinu eru færðar á tekjuliði garðanna. Á þessari slóð er hægt að sjá frá mánuði til mánaðar framlag ríkisins á hverju ári. Einnig er hægt að sjá nöfn þeirra sem jarðsettir eru í viðkomandi garð og greiðslur vegna grafartöku og til presta. Þarna er kominn vísir að bókhaldskerfi fyrir minni garða. Samskonar greiðsluyfirlit er inni á vinnusvæði presta og geta þeir flett þar upp þeim útförum sem þeir hafa séð um og hafa komið til greiðslu frá KGSÍ.

## **8. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða**

Frumvarpið er enn óhreyft átta árum eftir að það var lagt fram í þinginu. Innanríkisráðherra, sem fer með málefni kirkjugarða, hét því að leggja frumvarpið fram á haustþinginu 2011 eða á vorþingi 2012 en af því varð ekki.

## **9. Bréf kirkjugarðaráðs til Ríkisendurskoðunar og svar við því**

Stjórn KGSÍ ræddi um það á fundum sínum að nauðsynlegt væri að fá ársreikningsformi kirkjugarðanna breytt, þ.e. að kirkjugarðar þurfi ekki að taka inn í sína ársreikninga framlagið til kirkjugarðasjóðs. Fyrirkomulagið hefur verið með þeim hætti að kirkjugarðar þurfa að telja sér til tekna 8,5% framlagið sem þeir aldrei fá en greiðist beint til kirkjugarðasjóðs. Þessum hugmyndum var vísað til kirkjugarðaráðs sem ræddi málið við Ríkisendurskoðun sem taldi að breyta þyrfti lögum til að fara aðra leið. Ríkisendurskoðun féllst aftur á móti á þá tillögu að eðlilegt væri að gjaldfæra nýframkvæmdir í kirkjugörðum en þær framkvæmdir hafa verið eignfærðar fram að þessu. Bréf kirkjugarðaráðs til Ríkisendurskoðunar og svarbréf við því eru birt í heild aftan við ársreikninginn.

## **10. Ný skýrsla um fjármál kirkjugarða**

Stjórn KGSÍ hefur mörg undanfarin ár haft það vandaverk á höndum ár hvert að leggja fyrir kirkjugarðaráð tillögu um skiptingu framlags ríkisins. Stjórnarmenn eru meðvitaðir um að þessi ábyrgð er mikil og vandasöm. Eins og menn kannski muna kom í janúar 2011 út skýrsla sem var afrakstur rannsóknar sérfræðing frá Capacent um samninginn milli kirkjugarðaráðs og ríkisins. Sérfræðingnum var falið það verkefni að yfirfara það samkomulag sem er í gildi um framlög til kirkjugarðaráðs frá ríkinu og einnig að yfirfara þann útreikning sem hefur legið til grundvallar framlaga undanfarinna ára (frá 2005). Skýrslan sýndi fram á að verulega hallaði á kirkjugarða við útreikninga fjármálaráðuneytis á árlegu framlagi. Enginn hefur mótmælt skýrslu Capacent en vilji og kannski einnig geta til leiðréttinga er ekki fyrir hendi og ljóst er að við ramman reip verður að draga í þeim efnun. En það er ekki aðeins nauðsynlegt að beina augunum út á við heldur einnig inn á við. Með *málsháttinn „betur sjá augu en auga“* að leiðarljósi var á árinu 2012 gerður samningur við Harald L. Haraldsson



hagfræðing um úttekt á fjármálum kirkjugarða í heild til að fá heildarmyndina í góðan fókus. Þessi úttekt verður kynnt á aðalfundinum hér á Akureyri og segja má að skýrsluhöfundur hafi ekki síður beint augunum að innri fjármálum kirkjugarða með rannsókn á ársreikningum þeirra.

Stjórn KGSÍ óskaði eftir því við starfsmenn innanríkisráðuneytis að þeir bæru saman þróun einingarverðs til kirkjugarða frá 2008 til 2012 eins og gert var varðandi sóknargjöldin. Minna varð úr þeirri athugun en vonir stóðu til enda stemmdu upphæðir varðandi framlag ríkisins til kirkjugarða sem ráðuneytismenn notuðu ekki við þær tölur sem KGSÍ hafði til ráðstöfunar og útteilingar til kirkjugarða á þessu tímabili. Tölurnar sem ráðuneytismenn notuðu sýndu hærra framlag en garðarnir fengu frá Fjárflygu ríkisins. Botninn datt því úr þeirri athugun – því miður.

## 11. Legstaðaskráin gardur.is



Hin miðlega legstaðaskrá Gardur er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Annað meginmarkmið hennar er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna manna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi

kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð, um 500 uppflettingar á dag að jafnaði. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil. Í tengslum við Gard hafa verið útbúin ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkefri í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeidnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Þessi kerfi standa öllum kirkjugörðum opin og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar.

Frá ársbyrjun 2012 hefur KGSÍ greitt öllum prestum landsins þóknun fyrir þjónustu við útfarir. Það fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og má nú segja að „vanskil“ á gögnum um andlát og jarðsetningar heyri að mestu sögunni til. Óánægja er á meðal margra dreifbýlispresta með aksturskostnaðinn en þau mál eru ekki á borði KGSÍ heldur eru taxtamál presta varðandi þessa þjónustu háð reglugerð nr. 155/2005 og samningi milli ráðuneytisins og Prestafélags Íslands.

Næsta stórverkefni KGSÍ verður að uppfæra kort og teikningar af kirkjugörðum landsins og koma þeim í gagnvirka tengingu við legstaðaskrána gardur.is. Sú vinna er hafin og munu Kirkjugarðar Reykjavíkur taka þátt í þeirri þróunarvinnu.

## 12. Kirkjugarðasamband Íslands og Kirkjugarðaráð

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn Kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í Kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur í stjórn ráðsins af KGSÍ undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur gert samkomulag við stjórn KGSÍ til nokkurra ára um ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, s.s. útteilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða, rekstur á gardur.is, námskeið o.fl.

Á árinu var gerður þjónustusamningur milli KGSÍ og Kirkjugarðaráðs sem felur í sér sex miljón króna framlag frá Kirkjugarðasjóði á ári næstu fjögur árin. Fjárhæðin á að nægja til að uppfylla skyldur og þjónustu KGSÍ sem kveðið er á um í þjónustusamningum.

### 13. Útgáfa Bautasteins

Bautasteinn (fagritið) kom út í maí 2012 (1. tölublað 17. árgangs). Hulda G. Geirsdóttir blaðamaður hefur séð um viðtöl og greinaskrif í blaðið undanfarin ár og Sigurjón Jónasson, fyrrv. rekstrarstjóri KGRP og jafnframt heiðursfélagi í KGSÍ, hefur séð um auglýsingasölu og samskiptin við prentsmiðju. Blaðið flytur faglegar greinar af vettvangi kirkjugarðamála og fylgist með því sem er efst á baugi í útfara- og kirkjugarðámálum. Auglýsingasala og sala blaðsins til stærri kirkjugarða hefur nokkurn veginn staðið undir kostnaði við útgáfuna. Á slóðinni: <http://www.kgsi.is/bautasteinn.html> má sjá Bautastein frá upphafi. Blaðið kemur út í 1.400 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknarnefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja.

Bautasteinn (fréttabréfið) (1. tbl. 11. árg.) kom út í desember 2012 og hefur sömu dreifingu og fagritið.


Ritnefndarfundir vegna Bautasteins hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundir áður en blaðið kemur út á vorin.


### 14. Erlend samskipti - NFKK

Formaður og varaformaður KGSÍ stóttu fundi NFKK (Nordiska Förbundet för Kyrkogårdar och Krematorier) í Osló í febrúar og lok október í Stokkhólmi. Í stjórn NFKK sitja fulltrúar allra norrænu landssambandanna og er formaður KGSÍ fulltrúi í norrænu stjórninni og Guðmundur Rafn varamaður hans.

Reykjavík, 29. maí 2013,

  
Þorsteinn Ragnarsson,  
formaður

  
Guðmundur Rafn Sigurðsson,  
stjórnarmaður

  
Smári Sigurðsson  
stjórnarmaður



# Kirkjugarðasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

## 2012

Kirkjugarðasamband Íslands  
Vesturhlíð 8  
105 Reykjavík  
kt. 681196-2429

---

# Kirkjugarðasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

**2012**

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 29. apríl 2013

## **Efnisyfirlit**

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

---

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningssskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningssskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 29. apríl 2013.

**Deloitte ehf.**



Björg Sigurðardóttir  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Tekjur umfram gjöld af rekstri ársins námu kr. 332.526. Rekstrartekjur námu samtals kr. 7.395.312 Heildareignir námu kr. 7.206.788 og eigið fé í árslok 2012 nam kr. 4.845.964.

Að álit framkvæmdarstjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Framkvæmdastjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2012.

Reykjavík, 29.apríl 2013

## Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson  
stjórnarformaður



Smári Sigurðsson  
stjórnarmaður



Guðmundur Rafn Sigurðsson  
stjórnarmaður

# Áritun skoðunarmanna

---

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2012 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 29. apríl 2013



Ólafur P. Guðmundsson



Magnús Sigurðsson

# Rekstrarreikningur - almennur rekstur - ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld og styrkir .....		6.307.400	6.329.700
Tekjur af útgáfustarfsemi .....		1.087.912	911.985
		<u>7.395.312</u>	<u>7.241.685</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður .....		1.549.614	1.258.841
Laun og tengd gjöld .....	3	1.375.488	1.222.859
Annar rekstrarkostnaður .....		4.161.670	2.861.071
		<u>7.086.772</u>	<u>5.342.771</u>
<b>Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>		308.540	1.898.914
Fjármunatekjur .....	4	39.762	17.198
Fjármagnsgjöld .....	5	(15.776)	(12.920)
<b>Tekjur umfram gjöld</b>		<u>332.526</u>	<u>1.903.192</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
<b>Fastafjármunir</b>			
Eignarhlutar í In Memoriam ehf. ....	6	137.502	137.502
		<u>137.502</u>	<u>137.502</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	47.000	23.000
Aðrar skammtímakröfur .....	7	817.442	532.101
Handbært fé .....	7	6.204.844	4.990.172
		<u>7.069.286</u>	<u>5.545.273</u>
<b>Eignir</b>		<u><u>7.206.788</u></u>	<u><u>5.682.775</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	8	4.845.964	4.513.438
		<u>4.845.964</u>	<u>4.513.438</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma .....		1.259.748	885.640
Aðrar skammtímaskuldir .....	9	1.101.076	283.697
		<u>2.360.824</u>	<u>1.169.337</u>
Skuldir		<u>2.360.824</u>	<u>1.169.337</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>7.206.788</u></u>	<u><u>5.682.775</u></u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		308.540	1.898.914
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		308.540	1.898.914
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(309.341)	2.674
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		1.191.487	(228.482)
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		1.190.686	1.673.106
Innborgaðir vextir og arður .....		39.762	17.198
Greiddir vextir .....		(15.776)	(12.920)
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>		<b>1.214.672</b>	<b>1.677.384</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		1.214.672	1.677.384
Handbært fé í upphafi árs .....		4.990.172	3.312.788
Handbært fé í lok árs .....		6.204.844	4.990.172

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Útistandandi tekjur

Útistandandi tekjur eru færðar á nafnverði.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Launamál

	2012	2011
Laun .....	1.174.336	1.028.320
Launatengd gjöld .....	199.868	194.111
	<u>1.374.204</u>	<u>1.222.431</u>

## 4. Fjármunatekjur

	2012	2011
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	28.302	4.598
Aðrar vaxtatekjur .....	11.460	12.600
	<u>39.762</u>	<u>17.198</u>

# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	2012	2011
Fjármagnstekjuskattur .....	(5.654)	(917)
Önnur vaxtagjöld .....	(9.335)	(12.003)
	<u>(15.776)</u>	<u>(12.920)</u>

## 6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000 og er tilgangur félagsins samfélags- og líknarstarf á vegum Kirkjugarðasambands Íslands. In Memoriam ehf. annast meðal annars vefsíðuna [www.gardur.is](http://www.gardur.is). Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000 en bókfært virði félagsins er kr. 137.502. Eigið fé félagsins í árslok 2012 er kr. 3.695.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
In Memoriam ehf. ....	100%	2.000.000	<u>137.502</u>
			<u>137.502</u>

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2012	31.12.2011
Innlendar viðskiptakröfur .....	47.000	23.000
	<u>47.000</u>	<u>23.000</u>

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2012	31.12.2011
KGSÍ (framlag til kirkjugarða) .....	(6.982)	532.101
Útistandandi vsk. ....	824.424	0
	<u>817.442</u>	<u>532.101</u>

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

# Skýringar

## 8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2012 .....	4.513.438
Hagnaður ársins .....	332.526
Eigið fé 31.12.2012 .....	4.845.964

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2012	31.12.2011
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	68.499	62.514
Ógreiddir ýmsir reikningar .....	1.032.577	221.183
	1.101.076	283.697

# Kirkjugarðasamband Íslands

## REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ FYRIR ÁRIÐ 2013

### REKSTRARTEKJUR:

Sala auglýsinga í vorblað	1.180.000
Aðrar tekjur vegna vorblaðs (ca. 400 eint. á 600 kr/stk.)	240.000
Skráning ítarefnis	75.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði	6.000.000

**SAMTALS KR: 7.495.000**

### REKSTRARGJÖLD:

#### Útgáfukostnaður Bautasteins:

Prentun vorblaðs	700.000
Prófarkarlestur og hönnun vorblaðs	650.000
Fréttabréf KGSÍ	200.000

1.550.000

#### Dreifingarkostnaður Bautasteins:

Burðargjöld vegna vorblaðs	160.000
Burðargjöld vegna fréttabréfs	70.000
Burðargjöld önnur	5.000
Pökkunarkostnaður	65.000
Gíróseðlar, límmiðar o.fl.	2.000

302.000

#### Annar kostnaður:

Laun og launatengd gjöld	1.415.000
Aðalfundarkostnaður	450.000
Bókhaldsvinna, reikningagerð (KGRP)	465.000
Prentkostnaður, umslög og bréfsefni	100.000
Stjórnarfundakostnaður vegna funda	350.000
Kostnaður sérfræðinga, (ath á einingarverðum kirkjugarða)	1.000.000
Innlendur ferðakostnaður	120.000
Námskeiðahald og aðrir fundir, (Norðurland / Vestfirðir)	100.000
Ferðakostnaður vegna NFKK	200.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is	1.200.000
Auglýsingar og ýmis tilfallandi kostnaður	200.000

5.600.000

**SAMTALS KR: 7.452.000**

Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	43.000
---	--------

### FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS- GJÖLD:

Vaxtatekjur	40.000
Vaxtagjöld	20.000

### HAGNAÐUR AF REGLULEGUM REKSTRI ÁRSINS

**SAMTALS KR: 63.000**



## Umræðupunktur á fundi með ríkisendurskoðanda mánudaginn 21. maí kl. 10:00.

Tilfni fundar með starfsmönnum Ríkisendurskoðunar var samþykkt á fundi Kirkjugarðaráðs mánudaginn 14. maí 2012 að undirritaðir óskuðu eftir fundi með ríkisendurskoðanda til að ræða við hann um eftirtalin mál:

1. Í bókhaldi kirkjugarða er enn gert ráð fyrir að kirkjugarðar geri í reikningum sínum grein fyrir 8,5% gjaldi til kirkjugarðasjóðs með því að færa lögbundnar greiddar tekjur upp um 8,5% þó að sá hluti fari beint til kirkjugarðasjóðs og hafi ekki viðkomu hjá kirkjugörðum. Þetta kemur síðan fram í sundurliðunum þar sem tekjur kirkjugarða eru sagðar 8,5% hærrí en þær eru og sama tala síðan dregin frá til að stemmi við rekstrarreikninginn. Gjaldið er hugsað sem framlag kirkjugarðanna í jöfnunarsjóðinn og mun það hafa verið svo fyrir löngu síðan að brúttótalán fór til kirkjugarða sem greiddu síðan samþykkt hlutfall í sjóðinn.

Farið er fram á að þessu verði hætt enda eru þetta leifar frá fyrri tíma.

2. Nýframkvæmdir (ný grafarsvæði o.p.h.) í kirkjugörðum hafa verið eignfærðar í stað þess að gjaldfæra þær. Við þetta verður niðurstaða rekstrarreiknings villandi. Sem dæmi nam kostnaður hjá KGRP við nýju svæðin í Gufuneskirkjugarði um 21,9 mkr. á síðasta ári. Þessar framkvæmdir voru eignfærðar, en hefðu framkvæmdirnar verið gjaldfærðar, eins og eðlilegra hefði verið, hefði rekstrartap KGRP árið 2011 ekki numið 6,7 mkr. heldur 28,6 mkr.

Farið er fram á að Ríkisendurskoðun samþykki gjaldfærslu á slíkum framkvæmdum til að rekstrarreikningur kirkjugarða væri raunhæfari. Engin ástæða er til að „fegra“ rekstrarreikninginn með eignfærslu.

3. Ráðamenn (ráðuneytin o.fl.) blanda lífeyrisskuldbindingum saman við sjóðseign garðanna. Brýnt er að þeir, sem tjá sig um fjárhagsstöðu kirkjugarða landsins og vísa gjarnan til peningalegrar stöðu þeirra, reikni með að inneignir þessar séu ekki ætlaðar til ráðstöfunar í rekstri heldur beri viðkomandi fyrirtæki eða stofnun að setja reiknaða upphæð til hliðar. Sem dæmi Eftirlaunaskuldbinding KGRP á móti Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) var 303,8 mkr. um síðustu áramót. Skuld KGRP við sjóðinn var á þeim tíma kr. 67,2 mkr., sjá skýringar endurskoðenda undir lið 12 (forstjóri KGRP óskaði sérstaklega eftir því að endurskoðendur gerðu grein fyrir lífeyrisskuldbindingum með þeim hætti sem sýnt er í lið 12 í ársreikningi.

„Lífeyrisskuldbinding“ (sjá texta úr ársreikningi KGRP 2011):

## 12. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna bera Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma ábyrgð á þeim hluta lífeyrisgreiðslna sem er vegna verðlagsþróunar og kaupmáttaraukningar samkvæmt 33. gr. laga um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna greiðir einungis fast hlutfall af launum starfsmanns eins og þau voru þegar starfsmaður lét af störfum. Vegna þessarar lífeyrisskuldbindingar stofnunarinnar hefur verið mynduð lífeyrisskuldbinding sem færð er meðal skulda í efnahagsreikningi og er hækkun skuldbindingarinnar færð til gjalda í rekstrarreikningi. Í lok desember 2011 nam skuldbindingin 303.754.446 og er miðað við 2% vexti umfram launahækkanir. Skuldbindingin var reiknuð af Talnakönnun hf.

Lífeyrisskuldbindingin greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1/1 2011 .....	289.754.341
Breyting lífeyrisskuldar á árinu, færð meðal launa .....	8.205.018
Vextir af lífeyrisskuld, gjaldfærðir á meðal vaxtagjalda .....	5.795.087
	<hr/>
	303.754.446
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2011 .....	303.754.446
Verðbréf til að mæta lífeyrisskuldbindingu .....	(116.315.829)
Bankainnstæður til að mæta lífeyrisskuldbindingu .....	(120.250.200)
Lífeyrisskuldbinding umfram sérgreindar eignir í árslok 2011 .....	67.188.417
	<hr/>

4. Sjóðstreymisyfirlit gefur glögga mynd af afkomunni. Óskað er eftir því að Ríkisendurskoðun taki út fjárhag og afkomu 15 stærstu kirkjugarða landsins á tímabilinu 2005 til 2011 að báðum meðtöldum. Gerð verði sérstök grein fyrir lífeyrisskuldbindingum þessara kirkjugarða og þeim ekki blandað saman við sjóðsstöðu, sbr. lið 3 hér að framan. Litið verði fremur á sjóðstreymi en niðurstöðu rekstrarreiknings, sbr. lið 2 hér að framan.

Reynt verði að svar þeirri spurningu, hvort framlag ríkisins hafi verið í samræmi við samning sem Kirkjugarðaráð og ríkissjóður gerðu um framlag ríkisins til kirkjugarða og var undirritaður í apríl 2005.

Með bestu kveðjum,

Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma  
Smári Sigurðsson, framkv.stj. Kirkjugarða Akureyrar  
Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri í Bláskógabyggð

(allir í stjórn Kirkjugarðaráðs)

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Kirkjugarðaráð

**Sendandi:** Ríkisendurskoðun



**Efni:** Svör við umræðupunktum með fulltrúum kirkjugarðaráðs sem dagsettar eru 21. maí 2012.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir fjórum spurningum sem kirkjugarðaráð hefur beint til Ríkisendurskoðunar. Efni spurninganna er lýst og svör í kjölfar þeirra.

1. Í bókhaldi kirkjugarða er þeim gert að færa til tekna með lögbundnum tekjum sínum og til gjalda lögbundið framlag sitt til Kirkjugarðasjóðs, sem nú er 8,5%. Spurt er hvort það sé nauðsynlegt og eðlilegt að færa þessar færslur með þessum hætti. Bent er á að Fjársýsla ríkisins haldi eftir 8,5% framlagi til Kirkjugarðasjóðs af brúttótekjum en greiði nettófjárhæð til kirkjugarðanna.

Svar:

Í 40. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu er ákvæði um að til Kirkjugarðasjóðs skuli renna 8-12%, nú 8,5%, af fjárveitingu til kirkjugarða skv. 39. gr. Rekstur kirkjugarða skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum. Jafnframt kemur fram að Fjársýsla ríkisins og innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu standa stjórn sjóðsins skil á gjaldi þessu ársfjórðungslega eða eftir nánara samkomulagi. Þá segir að framlag til einstakra garða skuli vera í samræmi við úthlutunarreglur er samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers fjárhagsárs.

Af þessu leiðir að löggjafinn hefur talið eðlilegt að hver kirkjugarður færi hjá sér sinn hluta í fjárveitingu í samræmi við úthlutunarreglur og af þeirri fjárveitingu skuli greiða framlag til Kirkjugarðasjóðs. Skipting sú sem Fjársýslan annast er einungis til hægðarauka fyrir alla aðila. Telji kirkjugarðaráð að framlag til Kirkjugarðasjóðs eigi að ákvarðast óháð rekstri kirkjugarða þá þarf það að leggja til viðeigandi breytingar á lögnum. Einnig má benda á aðra breytingu sem kemur til álita en hún er sú að Kirkjugarðasjóður verði í umsjá og vörslu kirkjugarðaráðs sem annist reikningshald og uppgjör hans í stað Biskupsstofu. Reikningar sjóðsins verða þá birtir á vefsíðu kirkjugarðaráðs í stað Stjórnartíðinda. Með þessu verður öll yfirstjórn og umsýsla kirkjugarða og Kirkjugarðasjóðs í höndum eins og sama aðilans, þ.e. kirkjugarðaráðs, og því eðlilegt að breyta 5. mgr. 40. gr. í þá átt.

2. Nýframkvæmdir svo sem fasteignir, tæki, ný grafarsvæði o.þ.h. eru eignfærð í reikningsskilum kirkjugarða og afskrifuð. Spurt er hvort ekki sé eðlilegra að gjaldfæra framkvæmdakostnað í stað þess að eignfæra hann.

Svar:

Almennt er lítið svo á í reikningsskilum fyrirtækja að til eigna skuli færa verðmæti, eignir, sem ætla má að geti skapað tekjur með notkun þeirra. Reynist verðmæti ekki tekju-skapandi og ekki heldur seljanleg má álykta sem svo að þar sem eignin stendur ekki undir verðmæti sínu í efnahagsreikningi sé eðlilegt að gjaldfæra þann kostnað sem til hefur fallið við öflun eignarinnar. Annað sjónarmið er það að jafna skuli slíkum einskjótis-kostnaði á ætlaðan líftíma eða notkunartíma eignarinnar. Þau sjónarmið eru einnig tengd tekjumyndun í viðkomandi starfsemi. Ríkisendurskoðun leggur ekki til breytingar á meðferð varanlegra rekstrarfjármuna eins og fasteigna og tækja og búnaði í ársreikningi. Hins vegar telur hún ekki óeðlilegt að líta á ný grafarsvæði sem fyrirframgreiddan kostnað og árlegur hlutur færður til gjalda skv. áætlun um notkunartíma grafarsvæðisins eða þegar svæði hefur verið gert hæft til grafartöku.

3. Eiga kirkjugarðstjórnir að láta reikna upp lífeyrisskuldbindingar sínar og færa í reikningsskil þann kostnað og færa til skuldar sem lífeyrisskuldbindingu.

Svar:

Allir sjálfstæðir rekstraraðilar sem greiða laun og iðgjöld til B-deildar Lífeyrissjóðs ríkisins eða sambærilegra lífeyrissjóða sveitarfélaga og eru ábyrgir fyrir greiðslu lífeyrisskuldbindinga eiga að láta reikna upp og færa skuldbindingu sem tengist launagreiðslum. Ef áfallin lífeyrisskuldbinding er greidd af ríkissjóði eða öðrum þá þurfa þeir aðilar ekki að færa hana upp en geta þess að hún verði greidd af öðrum, t.d. ríkissjóði eða sveitarfélagi. Iðgjöld til A-deildar LSR og almennra lífeyrissjóða kalla ekki á færslu lífeyrisskuldbindingar.

4. Óskað er eftir að Ríkisendurskoðun taki út fjárhag og afkomu 15 stærstu kirkjugarða landsins á tímabilinu 2005-2011 að báðum árum meðtöldum.

Svar:

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 36/1993 er hver kirkjugarður sjálfseignarstofnun. Ríkisendurskoðun telur því eðlilegt að kirkjugarðaráð standi sjálft að þessari úttekt enda óljóst hvort stofnuninni sé að lögum heimilt að taka að sér slíkt verkefni. Að auki hefur Ríkisendurskoðun eins og á stendur hvorki fjármuni né mannafla til að standa að slíkri úttekt.

Að lokum vill stofnunin biðjast afsökunar á þeim drætti sem orðið hefur á þessum svörum.



**Innanríkisráðuneyti,**  
Ögmundur Jónasson,  
ráðherra.



Reykjavík, 2. október. 2012.

Sæll Ögmundur!

Síðastliðinn föstudag, þann 28. september, átti undirritaður fund með embættismönnum þínum, þeim Hermanni Sæmundssyni, Svanhildi Þorbjörnsdóttur og Péttri Fenger, um kirkjugarðafrumvarpið og hvar það væri statt í kerfinu. Við ræddum hvort heppilegt væri að leggja frumvarpið fram með þeim breytingum<sup>1</sup> sem stjórn Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) gerði á því, eftir að það varð innlykka í fjármálaráðuneytinu í vor, eða hvort heppilegra væri að sneiða burt allt tal um sértekjur eða aukafjárveitingu. Embættismenn þínir töldu ekki unnt að leggja frumvarpið fram eins og stjórn KGSÍ legði til og var á þeim að skilja að það fengi svipaðar móttökur í fjármálaráðuneytinu eins og fyrra frumvarp. Eina leiðin væri að senda það inn án þess að víkja að sértekjumálum.

Að fengnum þessum upplýsingum og með þá fullvissu að ágreiningur milli stjórnar KGSÍ og skrifstofustjóra fjárlagaskrifstofu leystist ekki með því að afgreiða frumvarpið „strípað“ óskaði undirritaður eftir því að frumvarpið yrði lagt til hliðar og umræður yrðu hafnar milli stjórnar KGSÍ, fulltrúa innanríkisráðuneytis og fulltrúa fjármálaráðuneytis til að freista þess að aðilar geti samið sig út úr þeim ógöngum sem málið hefur ratað í. Þessu voru fundarmenn sammála, sérstaklega í ljósi þess að innanríkisráðuneytið hefur ákveðið að skoða þróun einingaverðs til kirkjugarða og sérstök úttekt á fjármálum kirkjugarða fer nú fram á vegum stjórnar KGSÍ auk þess sem Ríkisendurskoðun hefur tekið að sér að gera úttekt á fjárhagsstöðu stærstu kirkjugarða landsins.

Það er því tillaga undirritaðs að innanríkisráðuneytið hafi frumkvæði að því að þessir aðilar hittist sem fyrst og fari yfir þau ágreiningsmál sem hafa verið þess valdandi að frumvarpið hefur ekki komist út úr ráðuneytunum og þar af leiðandi ekki fengið þinglega meðferð.

Með bestu kveðjum,

Þórsteinn Ragnarsson,  
forstjóri.

Afrit: Stjórn KGSÍ, framkvæmdastjórn KGRP, Hermann Sæmundsson, Svanhildur Þorbjörnsdóttir, Pétur Fenger.

---

<sup>1</sup> Tillögur stjórnar KGSÍ eru þær að innanríkisráðherra fengi heimild til að heimila gjaldtöku eða aukafjárveitingu ef sýnt þætti að fjárhagur þeirra kirkjugarða sem aukabjónustu veittu væri það bágborinn að viðkomandi kirkjugarðar gætu ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum hvað þá að hafa á hendi þjónustu sem væri ekki lögbundin.

**Innanríkisráðuneyti,**  
 b.t. Odds Einarssonar,  
 stjórnarsýslufræðings  
 Sölvhólsgötu 7  
 150 Reykjavík.



Reykjavík, 10. nóvember 2012.

Sæll Oddur!

Stjórn KGSÍ hef nú farið yfir þau gögn sem þú sendir 30. október sl. Fjarvera undirritaðs frá skrifstofunni í Fossvogi að undanfögnu hefur tafið svarið og er beðist velvirðingar á því.

Tölur um framlag ríkisins í töflunni, sem þú sendir, eru ekki réttar, ef miða skal við rauntölur. Við höfum sett upp svipaða töflu og þú sendir og er þar gerð grein fyrir þeim mismun sem við teljum vera á töflu IRR og rauntölum frá Fjárslu ríkisins (Fjs), þ.e. þeim upphæðum sem kirkjugarðar landsins fengu endanlega hvert ár frá ríkinu. Það eru væntanlega þær tölur sem skipta máli í þessum samanburði.

Uppstilling IRR:	ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013
	framl.	820,1	938,9	917,2	844,7	888	924,9
	vísitala	100	114,5	111,8	103	108,3	112,8
Þróun fjárveitinga, önnur gjöld en laun, meðaltal stofnana IRR							
sem hlut almennar verðbætur fjárlaga →		100	114	109,2	103,9	105,4	109,9
Mismunur →		-	0,5	2,6	-0,9	2,9	2,9


Rauntölur um framlag ríkisins frá Fjs:	ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013
(byggt á uppgjöri Fjárslunnar hvert ár)							
	framl.	852,1	918,9	901,2	869,3	888	924,9
	vísitala	100	107,8	105,8	102	104,2	108,5
Þróun fjárveitinga, önnur gjöld en laun, meðaltal stofnana IRR							
sem hlut almennar verðbætur fjárlaga →		100	114	109,2	103,9	105,4	109,9
Ef framl. ríkisins hefði fylgt meðaltali →		852,1	971,4	930,5	885,3	898,1	936,5
Mismunur í % →			-6,2	-3,4	-1,9	-1,2	-1,4
Mismunur í millj. kr. →			52,5	29,3	16	10,1	11,6
					Samt.:	119,5	Mkr.



Samkvæmt leiðréttum tekjutölum kemur í ljós að framlag til kirkjugarða landsins liggur öll árin undir meðaltalinu. Umreiknað í krónum er umframskerðing **119,5 m.kr.** þau 5 ár (2009-2013) sem hér um ræðir. Þessi mismunur er vissulega ekki eins hrikalegur og sá sem kom í ljós, þegar „meðaltalið“ var borið saman við þróun sóknargjalda sem IRR lét gera í vor en engu að síður eru þetta háar upphæðir sem um er að ræða og skipta kirkjugarða verulegu máli.

Einnig þarf að athuga að „meðaltalstölurnar“ eru án launaþróunar. Launaþróun var á þessum árum hagstæðari en þróun fjárveitinga *meðaltalsins*. Þess má geta að í rekstri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (50% af heild) eru laun og tengd gjöld um 78% af framlagi ríkisins. Ef launaþróun, þ.e. launakostnaður þeirra ríkisstofnana, sem í „meðaltalinu“ eru, væri reiknaður með, væri *meðaltalsvísitalan* væntanlega enn hærri á þessum árum.

Undirritaður lét þau orð falla á aðalfundi KGSÍ í vor að framlag ríkisins til kirkjugarða á þessu tímabili lægi undir meðaltalinu og sýndi ég aðalfundarfulltrúum línuritið úr „Skýrslu til ráðherra“ sem nefnd innanríkisráðherra lagði fram í vor vegna rýrnunar sóknargjalda og setti kirkjugarðana (gul stjörnumerkt lína) inn í línuritið (sjá hér að neðan). Mér sýnist að ég geti staðið við þau orð.



Er ekki næsta skref að þú/þið sannreynið þær tekjutölur sem við notum og koma frá Fjs? Þegar það er að baki, er þá ekki í raun komið að því að ræða og reikna út hvaða afleiðingar hin neikvæða þróun framlags ríkisins til kirkjugarða hefur haft á rekstur kirkjugarða og það samkomulag sem gert var í ársbyrjun 2005 og hvaða afleiðingar þessar tekjuskerðingar hafa til nánustu framtíðar litið ef ekkert verður að gert?

Nú fara athuganir Haraldar L. Haraldssonar, hagfræðings, að liggja fyrir en hann hefur að undanfögnu farið yfir rekstur kirkjugarða með tilliti til samkomulagsins frá árinu 2005 og hann mun svara þeirri spurningu hvort það sé fjárhagslega hægt fyrir kirkjugarða að annast lögbundnu verkefni sín miðað við þau einingarverð sem skert hafa verið undanfarin ár og liggja til grundvallar fyrir framlagi ríkisins árið 2013. Því má bæta við að athugun Ríkisendurskoðunar á fjármálum kirkjugarða, sem Kirkjugarðaráð bað um í vor, hefur eflaust tafist vegna þeirra mála sem starfsmenn þar hafa þurft að glíma við og þarf vart að kynna.

Umfram allt óskar stjórn KGSÍ eftir góðri samvinnu við ráðuneytið og við vonum að öllum sé ljóst að þessar athuganir á fjármálum kirkjugarða eru nauðsynlegar til að aðilar málsins geti betur sett sig inn í þá rekstrarstöðu sem blasir við kirkjugörðum landsins.

Ítrekuð er sú beiðni undirritaðs, sem sett var fram í bréfi til innanríkisráðherra, dags. 2. okt. sl., um að innanríkisráðuneytið hafi frumkvæði að því að fulltrúar kirkjugarðaráðs, innanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis hittist, þegar niðurstöður liggja fyrir, og fari yfir þær.

Með bestu kveðjum,



Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður KGSÍ.

Hér fyrir neðan eru tölvupóstur milli IRR og KGSÍ varðandi þetta mál.

---

**From:** Þórsteinn Ragnarsson  
**Sent:** 31. október 2012 08:15  
**To:** oddur.einarsson@irr.is  
**Cc:** johannes.finnur.halldorsson@irr.is; hermann.saemundsson@irr.is; petur.fenger@irr.is; Smári Sigurðsson  
**Subject:** RE: Skýrsla um þróun einingaverðs til kirkjugarða.

Sæll!

Ég þakka sendinguna. Er staddur utanlands og hef ekki aðgang að gögnum mínum heima. Mun senda ykkur viðbrögð við þessum upplýsingum, fljótlega eftir að ég kem á skrifstofu mína næsta mánudag.

Kv.

Þórsteinn.

**From:** [oddur.einarsson@irr.is](mailto:oddur.einarsson@irr.is) [oddur.einarsson@irr.is]  
**Sent:** Tuesday, October 30, 2012 9:05 AM  
**To:** Þórsteinn Ragnarsson  
**Cc:** [johannes.finnur.halldorsson@irr.is](mailto:johannes.finnur.halldorsson@irr.is); [hermann.saemundsson@irr.is](mailto:hermann.saemundsson@irr.is); [petur.fenger@irr.is](mailto:petur.fenger@irr.is)  
**Subject:** Re: Skýrsla um þróun einingaverðs til kirkjugarða.

Sæll Þórsteinn og afsakaðu sein viðbrögð. Við Jóhannes Finnur áttum fund í gær þar sem við ræddum okkar fyrri fund og gögn sem höfðu verið unnin hér í ráðuneytinu vegna greiningar á þróun framlaga til kirkjugarðanna á fjárlögum í samanburði við þróun á meðaltali þeirra stofnana IRR sem hlutu almennar verðbætur í fjárlögum. Niðurstaða okkar var sú að senda þér gögnin og óska eftir viðbrögðum þínum í ljósi þeirra ummæla þinna að kirkjugarðarnir hefðu verið skertir meira en aðrir aðilar líkt og var raunin með sóknargjöldin.

FRAMLÖG FJÁRLAGA							
	ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013
11 Kirkjumál							
06 - 733 - Kirkjugarðar							
733 - 111 - Kirkjugarðar m.kr.		820,1	938,9	917,2	844,7	888,0	924,9
visitala		100,0	114,5	111,8	103,0	108,3	112,8
Þróun fjárveitinga, önnur gjöld en laun, meðaltal stofnana IRR sem hlutu almennar verðbætur fjárlaga		100,0	114,0	109,2	103,9	105,4	109,9

-----  
**Oddur Einarsson**  
stjórnsýslufræðingur - MPA / Public Administration

[Innanríkisráðuneytið](#)  
[Ministry of the Interior](#)  
Sölvhólsgrötu 7, 150 Reykjavík

Tölvupóstfang / E-mail: [oddur.einarsson@irr.is](mailto:oddur.einarsson@irr.is)  
Sími / Tel: (+354) 545 9000  
Bréfasími / Fax: (+354) 552 7340

- [Fyrirvari / Disclaimer](#)

From: Þórsteinn Ragnarsson <[thrag@kirkjugardur.is](mailto:thrag@kirkjugardur.is)>  
To: "[oddur.einarsson@irr.is](mailto:oddur.einarsson@irr.is)" <[oddur.einarsson@irr.is](mailto:oddur.einarsson@irr.is)>, "[johannes.finnur.halldorsson@irr.is](mailto:johannes.finnur.halldorsson@irr.is)" <[johannes.finnur.halldorsson@irr.is](mailto:johannes.finnur.halldorsson@irr.is)>  
Cc: Guðmundur Rafn Sigurðsson <[Guðmundur.Rafn.Sigurðsson@kirkjan.is](mailto:Guðmundur.Rafn.Sigurðsson@kirkjan.is)>, Indriði Valdimarsson <[indridi@akraneskirkja.is](mailto:indridi@akraneskirkja.is)>, Katrín Birna Viðarsdóttir <[asolfur@emax.is](mailto:asolfur@emax.is)>, Smári í vinnu (E-mail) <[smari@kirkjugardur.is](mailto:smari@kirkjugardur.is)>  
Date: 03.10.2012 14:12  
Subject: Skýrsla um þróun einingaverðs til kirkjugarða.

From: Þórsteinn Ragnarsson <[thrag@kirkjugardur.is](mailto:thrag@kirkjugardur.is)>  
To: "[oddur.einarsson@irr.is](mailto:oddur.einarsson@irr.is)" <[oddur.einarsson@irr.is](mailto:oddur.einarsson@irr.is)>, "[johannes.finnur.halldorsson@irr.is](mailto:johannes.finnur.halldorsson@irr.is)" <[johannes.finnur.halldorsson@irr.is](mailto:johannes.finnur.halldorsson@irr.is)>  
Cc: Guðmundur Rafn Sigurðsson <[Guðmundur.Rafn.Sigurðsson@kirkjan.is](mailto:Guðmundur.Rafn.Sigurðsson@kirkjan.is)>, Indriði Valdimarsson <[indridi@akraneskirkja.is](mailto:indridi@akraneskirkja.is)>, Katrín Birna Viðarsdóttir <[asolfur@emax.is](mailto:asolfur@emax.is)>, Smári í vinnu (E-mail) <[smari@kirkjugardur.is](mailto:smari@kirkjugardur.is)>  
Date: 03.10.2012 14:12  
Subject: Skýrsla um þróun einingaverðs til kirkjugarða.

Innanríkisráðuneyti,  
Jóhannes Finnur Halldórsson, sérfr.  
Oddur Einarsson, sérfr.

Sælir!

Nokkuð er um liðið síðan við funduðum á skrifstofu KGRP í Fossvogi. Á þeim tíma hafa viðræður um kirkjugarðafrumvarpið og fjármál kirkjugarða átt sér stað á milli stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) og embættismanna í innanríkisráðuneyti. Eftir að ljóst var að kirkjugarðafrumvarpið strandaði í fjármálaráðuneytinu í vor, lagði stjórn KGSÍ til að farin yrði „millileið“ í frumvarpinu varðandi ákvæði um sértekjur eða aukafjárveitingu til þeirra kirkjugarða sem reka líkhús og hafa á höndum húsnæði sem nýtt er við kistulagningabænin og útfarir (færa frumkvæðið inn í fagráðuneytið). Þeim tillögum var hafnað á þeim forsendum að frumvarpið mundi engu að síður stranda á sama stað. Ég hef því lagt til við innanríkisráðherra að frumvarpið verði lagt til hliðar um sinn og hafnar verði viðræður sem fyrst um þessi ágreiningsmál milli stjórnar KGSÍ, fulltrúa innanríkisráðuneytis og fulltrúa fjármálaráðuneytis.

Forsenda þeirra viðræðna eru niðurstöður þeirra athugana á fjárhag kirkjugarða sem verið er að vinna á þremur stöðum, þ.e.a.s. hjá ykkur í ráðuneytinu, hjá Haraldi L. Haraldssyni hagfræðingi og hjá Ríkisendurskoðun. Í ljósi nýjustu tíðinda vil ég biðja ykkur að hraða úttektinni eins og tök eru á til að hægt verði að leggja hana fram á þeim fundum sem framundan eru milli aðila.

Gott væri að fá viðbrögð frá ykkur um möguleika á að flýta skýrslugerðinni.

Með bestu kveðjum,

Þórsteinn Ragnarsson,  
forstjóri.

P.S. Minnispunktar af fundi í ágúst hér meðf.[attachment "Minnispunktar af fundi stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands og fulltrúa frá innanríkisráðuneyti.pdf" deleted by Oddur Einarsson/IRR/NotesSTJR]